

# Staðlamál

Útgefandi: Staðlaráð Íslands, Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
Sími: 520 7150  
Fax: 520 7171  
Netfang: stadlar@stadlar.is  
Ábyrgð og ritstjórn: Hjörtur Hjartarson

Fréttabréf Staðlaráðs Íslands

# Staðlamál

Fréttabréf Staðlaráðs Íslands

2. tbl. 5. árg.

júni 2001

## Aðalfundur Staðlaráðs

### Brot úr ræðu fráfaraformanns

Aðalfundur Staðlaráðs Íslands var haldinn 3. maí. Það sem helst bar til tíðinda var að formaður ráðsins til margra ára, Friðrik Sigurðsson, óskaði ekki eftir endurkjöri. Í hans stað var kjörinn Víglundur Þorsteinsson. Staðlaráð býður Víglund hjartanlega velkominn um leið og Friðriki eru þökkud góð viðkyrning og ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Hér á eftir fara brot úr ræðu fráfaraformanns, sem hann flutti á aðalfundinum.

#### Starfið innanlands

„Lagt var í viðamikil útgáfuverkefni á árinu. Þar ber hæst þýðingu á nýrri útgáfu ISO 9000 gæðastaðlanna og þýðingu á breskum staðli um stjórnun upplýsingaverndar, BS 7799. Auk þess var gerður samningur við Löggildingarstofu um út-

gáfu og þýðingu á staðlum og öðrum skjölum úr HD 384/IEC 364 staðlaráðsinnu um raflagnir í byggingum. Lögð voru drög að fleiri útgáfuverkefnum, íslenski þýðingu og staðfestingu á dönskum staðli fyrir matvælaíðnað og þýðingu á evrópskum staðlum um leikvelli og fleira.“ – Fjöldmörg verkefni voru einnig unnin á vegum fagráða og fagstjórna og skiluðu þau sérstökum skýrslum um starfsemi sína.

#### Ferskari starfsemi

„Það er skoðun núverandi stjórnar Staðlaráðs að á síðasta ári hafi mörgum mjög merktum áföngum verið náð... Önefnd er þó hægfarar þróun undanfarinna ára sem smám saman hefur verið að breyta starfsemi. Þar hefur meðal annars verið nefnd fækkun starfsfólks, en einnig má

nefna að bókhald ráðsins er fyrst nú að verða virkt stjórnæki.

Smám saman hefur einnig orðið hugarfarsbreyting hjá stjórn, starfsmönnum og ekki síður viðskiptavinum gagnvart rekstrinum, sem rétt er að kalla markaðsvæðingu... Þessi breyting mun vafalaust skila sér á næstu árum í ferskari og framsækari starfsemi.

Meginverkefni fyrirtækisins, Staðlaráðs, á þessu ári og næstu árum, er að snúa vörn í sókn í markaðslegu tilliti. Til að svo megi verða þarf að koma til nokkur rekstrarafgangur. Það verður að vera forgangsaðri, og það er trú núverandi stjórnar að það sé hægt því staðreyndin er sú að fyrirtækið er í dag betur formað og betur rekið en nokkru sinni fyrr í sögu þess.“

## Nýtt merki

### Tákn um trausta þjónustu

Staðlaráð Íslands flutti í nýtt og betra húsnæði fyrir skömmu. Þess vegna þótti við hæfi að hressa enn frekar uppá útlitið með nýju merki.

#### Staðlar fyrir fólk

Staðlar eru gerðir af fólki og snúast um fólk. Þess vegna er maðurinn í brennidepli

merkisins. Við styðjumst við staðla, staðlar gera umhverfi okkar tryggara, léttu okkur lífið og gera dagleg störf skilvirkari, öruggari og ánægjulegri. Starfsfólk Staðlaráðs er ákveðið í að vinna merkinu sess í huga viðskiptavina sinna þannig að það muni standa fyrir trausta og fjölbreytta þjónustu.



Fjölmiðlum er frjálst að nota efni út Staðlamálum í heild sinni eða að hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.

## Staðall um fasteignaviðskipti

### Fyrir kaupendur og seljendur fasteigna

Í fasteignaviðskiptum almennings er aleigan venjulega í húfi og reyndar gott betur. Þess vegna riður á að viðskiptin séu traust og örugg. Fyrirtæki, stofnanir, ríki og sveitarfélög eiga einnig mikið undir því að fasteignaviðskipti gangi snurðulaust fyrir sig. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja að skilningur kaupenda og seljenda sé hinn sami á ákvæðum samninga sem þeir gera sín á milli. Þegar verið er að kaupa og selja nýtt eða ófullbúið húsnæði er staðallinn IST 51 Byggingarstig húsa ómissandi.

#### Farsæl fasteignaviðskipti

Neytendasamtökin fá reglulega inn á borð til sín mál sem varða fasteignaviðskipti og Staðlaráð fær oft sinni upphringingar frá fólki sem er ósátt við afhendingu húsnæðis, þar sem kaupandi og seljandi eru ekki á einu máli um hvað átt var við til dæmis með því að húsnæðið skyldi afhendast tilbúið til innréttingar. Það er hægt að komast hjá flestum slíkum málum með því að nota IST 51. Reyndar er fráleitt að styðjast ekki við staðalinn þegar höfð eru í huga þau verðmæti sem um er að tefla. Stofnanir sem koma að lánveitingum til fasteignakaupa mættu hugleiða að þjóna betur að þessu leyti þeim viðskiptavinum sínum sem hyggjast kaupa eða selja nýtt eða ófullbúið húsnæði – tryggja að þeir fái staðalinn og geti stuðst við hann í



Hvenær telst bygging vera fullbúin? Hvenær telst hún foheld og hvenær tilbúin til innréttingar? Staðallinn IST 51 veitir svör við því og mörgu fleiru sem kaupendur og seljendur húsnæðis þurfa að hafa á hreinu.

samningum. Lán til fasteignakaupa eru iðulega hærri en sem nemur heildareign lán-takenda og verð eins staðals er í því samhengi smámunir einir. Staðallinn getur hins vegar ráðið úrslitum um farsæld viðskiptanna. Það er allra hagur að IST 51 sé notaður við gerð kaupsamninga um nýtt og ófullbúið húsnæði.

Þótt IST 51 sé fyrst og fremst ætlaður þeim sem eru að kaupa eða selja nýtt eða ófullbúið húsnæði, þá er að finna í staðlinum mjög ítarlegan atriðalista eða gátlista sem kemur öllum sem eiga í fasteignaviðskiptum að góðu gagni.

#### Byggingarstig húsa

Í staðlinum eru skilgreind sjö byggingarstig:

- Byggingarstig 1 – Byggingarleyfi
- Byggingarstig 2 – Undirstöður
- Byggingarstig 3 – Burðarvirki fullreist
- Byggingarstig 4 – Fokheld bygging
- Byggingarstig 5 – Tilbúin til innréttingar
- Byggingarstig 6 – Fullgerð án lóðarfrágangs
- Byggingarstig 7 – Fullgerð bygging

Engir sem nota staðalinn í samningum þurfa að velkjast í vafa um hvað felst í því að húsnæði skuli afhendast tilbúið til innréttingar, svo dæmi sé tekið. Byggingarstig 5 er nákvæmlega skilgreint og tiltekið hvað skuli vera til staðar þannig að byggingin teljist uppfylla þetta tiltekna byggingarstig.

Gildandi staðall er frá árinu 1998. Byggingarstaðlaráð (BSTR) hefur unnið að endurskoðun hans og nú liggur fyrir frumvarp að nýrri útgáfu.

Forseti vill meiri hraða  
bls. 2

Staðall um alútboð  
bls. 3

Eldvarnarhurðir  
bls. 3



## Staðlar létta þér lífið...

...þegar þú setur á þig skartgrip

Þú átt að geta treyst því að skartgripir valdi þér ekki nikkelofnæmi. Að minnsta kosti þeir skartgripir sem uppfylla meðal annars íslenska staðalinn

**ÍST EN 1811: 1998**

Tilvísunarprófunaraðferð fyrir nikkellosun úr framleiðsluvörum sem ætlað er að komast í beina og langvarandi snertingu við húð

## Nýr forseti CEN

# „Þurfum að flýta gerð staðla“

Prófessor Christian Beckervordersandforth var nýlega kjörinn forseti Evrópsku staðlasamtakanna, CEN. Hann hefur frá því 1990 unnið á þróunar- og tæknipjónustusviði stórfyrirtækisins Ruhrgas í Þýskalandi auk þess að kenna við Bochumháskóla. Beckervordersandforth gegnir jafnframt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir gas- og vatnsveitur í Þýskalandi. En hvaða skoðanir hefur ný forsetinn á evrópsku staðlasamstarfi, hvað er þar vel gert og hvað má betur fara?



Prófessor Christian Beckervordersandforth, nýr forseti Evrópsku Staðlasamtakanna, vill gera staðlastarfið skilvirkara og gera samtökin sýnilegra.

### Staðlar grundvallarforsenda

Beckervordersandforth er á því að árangur evrópskrar samvinnu á sviði staðla mála hafi skilað undraverðum árangri. Hann segir það enga tilviljun að fyrirtæki á borð við Ruhrgas telji ekki eftir sér að leggja fram starfskrafta til að sinna staðlasamstarfi innan CEN. Hann sjálfur er skýrt dæmi um það. Beckervordersandforth segir staðla vera grundvallaratriði í starfsemi fyrirtækja á borð við Ruhrgas. Fyrirtækið kaupir gas frá Rússlandi, Hollandi, Noregi og fleiri löndum. Án staðla væru slík viðskipti óvinnandi vegur. Hins vegar segir hann það almenna skoðun að gerð evrópskra staðla taki of langan tíma og úr því þurfi að bæta. Þegar hann

vill líka koma CEN og starfsemi samtakanna betur á framfæri. Hann segist hafa á tilfinningunni að samtökin séu ekki jafnbekkt og þau þyrftu að vera.

### Staðlaráð í lykilhutverki

Nýi forsetinn vill efla samskiptin og samstarfið við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA en leggur áherslu á að staðlaráð einstakra landa vinni stöðlunum fylgi, hvert á sínu svæði. „Þetta er mikilvægt. Það væri rangt að varpa þjóðarímynd staðlanna fyrir róða. Við myndum þar með glata fjárhagslegum stuðningi margra stórra fyrirtækja og stofnana. Staðlaráð einstakra landa eiga að sjá um að koma stöðlunum á framfæri vegna þess að Evrópa þrífst á vitundinni um mismunandi þjóðir“, segir Beckervordersandforth.

Hinn nýi forseti CEN ætlar með bættri stjórnun að gera ferlið við gerð staðla skilvirkara, koma starfsemi Evrópsku staðlasamtakanna betur á framfæri og efla enn samskipti og samvinnu við evrópskar stofnanir. Jafnframt leggur hann áherslu á mikilvægi staðlaráða í hverju landi fyrir sig.

er spurður hvernig það megi verða, bendir hann á yfirstjórn CEN og segir að þaðan hljóti úrbæturnar að koma. „Það ætti að bæta og efla stjórnun vinnuferlisins og gera það skilvirkara, skilgreina áfanga í ferlinu og mæla árangurinn“, segir forsetinn. Beckervordersandforth

## Eldvarnarprófanir

# Staðall fyrir framleiðendur og innflytjendur eldvarnarhurða

Á liðnu ári var staðfestur staðallinn ÍST EN 1634-1:2000 Fire resistance tests for door and shutter assemblies – Part 1: Fire doors and shutters. Líkt og nafnið gefur til kynna, fjallar staðallinn um aðferðir til að prófa og ákvarða viðnám eldvarnarhurða af margvíslegu tagi gegn eldi. Staðallinn er notaður ásamt staðli sem heitir ÍST EN 1363-1 Fire resistance tests – Part 1: General requirements. Staðallinn ÍST EN ISO 13943:2000 Fire safety – Vocabulary hefur síðan að geyma skilgreiningar á hugtökum.

### Byggingarvöutilskipunin

ÍST EN 1634-1 var búinn til að beiðni Evrópusambandsins og EFTA og er í samræmi við grundvallarkröfur evrópsku

byggingarvöutilskipunarinnar. Framleiðendur og innflytjendur eldvarnarhurða ættu því að kynna sér efni hans. Fyrr en seinna verða gerðar kröfur um að framleiðendur og innflytjendur geti sýnt fram á að vörur þeirra uppfylli kröfur sem er að finna í þessum staðli og þar með kröfur byggingarvöutilskipunarinnar.

### Prófanir

Í inngangi ÍST EN 1634-1 er lögð áhersla á þá hættu sem er samfara prófunum samkvæmt staðlinum og mikilvægi þess að staðið sé að þeim samkvæmt skráðum vinnureglum. Þjálfar þarf sérstakt starfsfólk til prófananna eða leita til rannsóknastofa sem sérhæfa sig í slíkum prófunum.



Eldvarnarprófanir krefjast sérþekkingar.

## Byggingarstaðlaráð

# Staðall um alútboð og endurskoðun ÍST 30

Að venju er margt á könnu Byggingarstaðlaráðs. Auk þess að vinna að endurskoðun á staðlinum um byggingarstig húsa, sem fjallað er um á forsiðu fréttabréfsins, eru tvö mál sem ástæða er til að nefna sérstaklega. Annars vegar endurskoðun á staðlinum ÍST 30 og hins vegar hugmynd um að gera staðal um alútboð.

### ÍST 30

Stjórn Byggingarstaðlaráðs hefur leitað eftir ábendingum frá hagsmunaaðilum um atriði sem kann að þurfa að endurskoða í staðlinum ÍST 30 Almennir útboðs- og samningskilmálar um verkfram-

kvæmdir. Núverandi útgáfa staðalsins tók gildi í byrjun árs 1997. Nauðsynlegt er að staðlar sem notaðir eru í samningum milli manna séu endurskoðaðir reglulega og þegar er ljóst að endurskoða þarf ákvæði greinar 31.4.2 varðandi ávöxtun geymslufjár. Auk þess er áhugi á að vinna að fækkun sérákvæða Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.

### Alútboð

Mikil aukning hefur orðið á alútboðum við verkframkvæmdir. Nokkrir hagsmunaaðilar tóku fyrir fáeinum árum saman

leiðbeiningar um hvernig standa skuli að samningum þegar um alútboð er að ræða. Þess var farið á leit við Byggingarstaðlaráð að unnið yrði að gerð staðals um alútboð þar sem fleiri hagsmunaaðilar ættu möguleika á að koma sjónarmiðum á framfæri. Stjórn BSTR samþykkti að kanna áhuga á slíkum staðli meðal þeirra sem hagsmunaaðilar eiga að gæta.

Dr. Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Byggingarstaðlaráðs, veitir allar frekari upplýsingar.